

"Er þetta herra greifinn?" spurði hann.

Dynar greifi starði eitt augnablik með undrun á þennan ókunna mann, með náföla örvæntingarandlitið og tinnu-hörðu augun, sem bað hann á beztu frakknesku um hjálp og líkn.

Gustaf Adolf gekk þar að, er konan lá með barnið og beygði sig niður að barnslíkamanum dauðvona.

"Hvað gengur að barninu?" sagði hann lágt.

"Það er um það leyti að frjósa í hel," kom eins og óp fult sálarkvalar og örvæntingar, frá Pólverjanum. "Gefið þér fáeina dropa af heitri mjólk og eitthvað hlýlegt utan um það. Þá getur verið, að við getum náð aftur blessuðu hróinu litla, sem er að kveðja okkur og heiminn." Svo tók hann grátandi barnið upp og kysti það hvað eftir annað.

Greifinn komst svo við, að svo var sem hnífi væri stungið í hjarta hans. Hann skipaði þjónunum, sem stóðu gapandi kring um sorgarhópinn litla, nokkrum sinnum og í lágum rómi, laut síðan niður, tók sjálfur barnið sofandi á handlegg sér, sneri sér að stiganum og sagði við ókunna fólkið:

"Fylgið mér!"

Létt eins og fjöður lá litla byrðin á handlegg hans. Ofur-smár barnskroppur og naktir smá-handleggir gægðust hér og hvar út úr stórgerðu rekjavöðunum, en dökklokkaða höfuðið lá fölnandi, eins og brostið blóm við brjóst nins mikla og völduga ríkisgreifa og Preczna-hallar eiganda.

Gustaf Adolf horfði niður á þetta drengs-andlit, en svo var drengnum kalt, að tennur hans nötruðu af hrolli, þrátt fyrir svefninn og draumana.

Hann flýtti sér, sneri aftur til herbergis þess, sem hann hafði farið út úr, og lagði þar byrði sína ofan á mjúka koddana í hægindlasessi einum. Eins blíð-